

BRÚÐHJÓN VIKUNNAR

Kynntust á þjóðhátíð í Eyjum

Brúðhjón vikunnar eru þau Anna María Harðardóttir og Konráð Gylfason. Þau giftu sig í Dómkirkjunni 29. júlí.

Anna María og Konráð eru við nám í Bandaríkjunum en langt er síðan þau ákváðu hvaða dag þau vildu giftast og að það skyldi gert á Íslandi. Þau kynntust fyrst á þjóðhátíð í Eyjum fyrir sex árum. Hún var þá 19 ára og hann tvtugur. „Ég sá hann í rútunni á Umferðarmiðstöðinni og sagði við vinkonu mína að ég væri búin að panta hann. Þegar við vorum komin á þjóðhátíðina rakst hún á Konráð og kynnti okkur. Síðan höfum við verið saman,“ segir Anna María brosandí.

Þau trúlofuðu sig 29. júlí ári síðar. Þá um haustið fóru Anna María og Konráð til Bandaríkjanna til náms við New York háskóla. Þau luku B.A. prófi þremur árum síðar og unnu svo í Bandaríkjunum í eitt ár. Þau hófu síðan framhaldsnám, hún lærir myndbjálfun (art therapy) í New York háskóla en hans nám er við New School for Social Research og tengist fjölmiðla-

fræði og kvikmyndagerð. Þau stefna á að flytja heim til Íslands að námi loknu.

Hvernig var svo brúðkaupsdagurinn?

„Hann var í einu orði sagt æðislegur. Allt var eins og best varð á kosið, meira að segja veðrið var ágætt. Við hittumst ekkert fyrr en í kirkjunni, ég fór til ömmu og klæddi mig þar og ók svo í opnum bíl til kirkjunnar,“ sagði Anna María. Það var séra Hjalti Guðmundsson sem gaf brúðhjónin saman í Dómkirkjunni. Vígslan var kl. 3 og eftir hana var móttaka fyrir gesti á Hótel Sögu.

„Við stungum af úr veislunni og létum taka af okkur myndir úti við. Um kvöldið fórum við að borða með fjölskyldunni í Grillinu.“

Ungu hjónunum var því næst ekið austur í sumarbústað sem foreldrar hennar eiga og þar dvöldu þau í tvo daga.

„Það er langt síðan við ákváðum að gifta okkur 29. júlí, sama

dag og við kynntumst og trúlofuðum okkur. Það var yndislegt að allt skyldi ganga eins vel og við höfðum vonast eftir þegar stóri dagurinn rann loks upp,“ sagði Anna María að lokum.



Anna María og Konráð. Það var Dýrleif Ármann, amma Önnu Maríu sem saumaði brúðarkjólinn en allt efni í hann var keypt í Bandaríkjunum.

KARLAR

Sem yður þóknast, frú

Þeir voru hræddir. Já, þeir voru meira að segja skithræddir. Það leyndi sér ekki á baksvipnum. Allir í skraddarasamuumum fötum.



eftir Bryndis Schrom

Brezkum, auðvitað. Þröngar axlir, aðskorinn jakki. Virtist númeri of litill. Hræðilega ósexý. (Ef mér leyfist að taka svo til orða.) Sérstaklega ef jakkanum er hneppt að fram-anverðu. Þá strengist hann yfir rassinn á ögrandi hátt. — Þeir hnepptu allir að sér jakkanum, um leið og þeir stigu út úr bílum sínum. Ósjálfráð hreyfing karlmanna. Hvað áttu þeir að gera annað við hendurnar? Að þessu sinni voru stresstöskurnar óþarfar. Mennirnir voru greinilega í öngum sínum. Þeir voru á leið til aftöku. — Sumir alla vega.

Eitt andartak sneru þeir sér að myndavélunum. — Drottinn minn dýri! — Augun þrútin eftir andvökunótt. Nótt óvissunnar. Hrunin sjálfsmynd. Þeir reyndu að brosa, bera sig mannalega. En brosið breyttist í grettu. Jafnvel gljásvartur Daimlerinn dugði ekki til að reisa við myndina. — Bílstjórnarnir lokuðu á eftir þeim — ef til vill í hinza sinn. Æ, æ, æ... — Þeir gátu svo sem brosað í kampinn, bölvadír. Enda æviráðnir. Með heilt stéttarfélag að baki sér. Ekki duttlungafulla kvenpersónu eins og þeir sjálfir.

Hver á fætur öðrum hurfu þeir inn um dyrnar að Downingstræti 10. Höfðu stuttan stanz. Þetta tók fljótt af. Bládamenn þustu að. Mynda-vélar á lofti. Ef til vill síðasta tækifærið til að baða sig í fjölmiðlaljósinu. — Örstutt viðtal, ráðherra. — Ertu ánægður eftir þennan fund? — „Ég er alltaf ánægður.“ Hann brunar af stað. — „Ertu ánægður, herra G.?” — „Ég er alltaf ánægður.“ Annar brunar af stað. — „Ertu ánægður, herra P.?” — „Ég er alltaf ánægður.“ Hleypur af stað. — „Ertu ánægður, herra R.?” — „Þetta er svo fallegur dagur,“ svaraði herra R. og hefur greinilega þælt í annars konar svari.

Bládamenn eru engu nær. Ekki geta allir verið ánægðir. En hvað er hægt að segja annað, þegar lífið er í rúst?

Ó, Maggie, hvernig ferðu að þessu? Þú vefur þeim um fingur þér. Þú beygir þá í duftið. Svinbeygir þá. Þeir ganga á eftir þér með grasið í skónum. Þeir liggja flatir fyrir þér. Hugsa eki um annað daga sem nætur. Þeir vilja allt á sig leggja til að þóknast þér, til að fá að vera í návist þinni, til að vinna fyrir þig, og þig eina.

Hvert er leyndarmál þitt? Leyndarmálið, sem allar konur þrá að mega deila með þér. Þú ert í óskahlutverkinu, hlutverki, sem okkur hinar dreymir um: að hafa takmarkalaust vald yfir öllum karlkynsverum í kringum okkur. Að geta malað þá mérinu smærri, sagt þeim fyrir verkum, látið þá lúta okkar vilja í einu og öllu.

Og svo var einhver að segja, að Maggie Thatcher væri ekki kvenmaður. Fyrr má nú aldellis fyrr vera!



Brúðhjónin búa sig undir að skála í kampavini fyrir utan kirkjuna.

Þau giftu sig

■ Hrafnhildur Pálsdóttir og Gunnar Ólafur Einarsson, Reykjavík

■ Lilja Sveinbjörnsdóttir og Sigurður Pálsson, Reykjavík

■ Sigríður Sveinbjörnsdóttir og Frimann Ægir Frimannsson, Reykjavík

■ Margrét Sigurðardóttir og Torfi H. Leifsson, Hafnarfirði

■ Þeim brúðhjónum sem vilja láta sín getið í þessum dálki er bent á að hafa samband við Morgunblaðið, Fólk í fréttum.



TÓNLIST

Söngur Péturs Á. Jónssonar á hljómplötu

Pétur Á. Jónsson var fyrstur Íslendinga til að syngja inn á hljómplötu árið 1907. Ríkisútvarpið hefur nú ákveðið að gefa út nýjar hljómplötur með söng hans og hefur undirritað samning við Steina h.f. sem munu sjá um sjálfa útgáfuna. Ríkisútvarpið sér hins vegar um val efnis og alla tæknivinnu. Myndin sýnir Markús Örn Ant-

onsson afhenda Steinari Berg Björnssyni útgáfufrumbandið með söng Péturs Á. Jónssonar. Á myndinni eru talið frá vinstri: Gunnar Hrafnsson, Elín Kristinsdóttir, Þorsteinn Hannesson, Steinar Berg Björnsson, Trausti Jónsson, Bergþóra Jónsdóttir, Markús Örn Antonsson og Hörður Vilhjálmsson.


RÝMUM FYRIR
NÝJUM
INNRETTINGUM

INVITA

ALLT AÐ

÷ 40%

AF NOKKRUM SÝNINGAR
INNRETTINGUM



ELDASKÁLINN

BRAUTARHOLTÍ 3, 105 R.
S. 91-621420